

Alrekstur

Áhyggjulaus rekstur upplýsingakerfa

Alrekstrarmódelið byggir á því að fyrirtæki og stofnanir geta „keypt sér tölvudeild eða hluta tölvudeildar“ til að reka upplýsingakerfi viðkomandi fyrirtækis eða stofnunar. Fyrir fastan kostnað á mánuði er hægt að fá allan hefðbundinn rekstur tölvukerfa með aðgengi að öllum helstu sérfræðingum og ráðgjöf eftir þörfum.

Þetta getur bæði hentað minni og millistórum fyrirtækjum sem vilja ekki verja tíma sínum í rekstur hefðbundinna tölvukerfa eða eiga erfitt með að halda uppi breiðu þekkingarstigi tæknimanna í umhverfi sem þróast hratt. Einnig á þetta vel við í fyrirtækjum sem eru með tölvudeildir en vantar upp á þekkingu á afmörkuðum þáttum upplýsingakerfisins eða hafa ekki tíma til að sinna öllum þáttum.

Með alrekstrarfyrirkomulaginu hafa viðskiptavinir beinan aðgang að sérfræðingum. Það er alltaf einhver til staðar þrátt fyrir veikindi eða frí. Markmiðið er að tryggja stöðugan rekstur upplýsingakerfa með fyrirbyggjandi aðgerðum og ráðgjöf.



Kostir Alreksturs:

- Fastur kostnaður
- Margir sérfræðingar
- Fyrirbyggjandi viðhald
- Ráðgjöf
- Beint samband við sérfræðinga
- Háþörfun uppítíma
- Verkefnastýring og áætlunargerð
- Góð kjör á búnaði og lausnum
- Staðgenglar við frí og veikindi
- Eftirlit og vöktun
- Búnaður uppfærður daglega

Í boði er meðal annars:

- Rekstur á netþjónum
- Rekstur á netkerfum
- Rekstur á útstöðvum
- Rekstur á símkerfum
- Rekstur á prenturum
- Aðgangur að þjónustuborði
- Skjölun
- Afritun
- Notendaaðstoð
- Viðvera
- Ýmsar sérlausnir

Nánari upplýsingar veitir Þorvaldur Finnbogason hjá Opnum kerfum í síma 570-1000

Hefur þú færstu sérfræðingana þér við hlið?

OPIN KERFI
25 ára